

## Tillaga til þingsályktunar

um láglendisvegi.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að Vegagerðinni skuli falið að vinna tillögur sem byggist á því að allar helstu leiðir á þjóðvegi 1, Vestfjörðum og norðausturhluta landsins verði á láglendi, undir 200 m hæð yfir sjó. Einkum verði lagt til grundvallar aukið öryggi og stytting leiða milli suð-vesturhornsins og annarra landsvæða, svo og innan landsvæða.

Megináhersla verði lögð á jarðgöng og þverun fjarða við útfærsluna og horft til mesta mögulega sparnaðar miðað við 50 ára notkun mannvirkja. Reiknaður verði út sparnaður samfara nýju vegakerfi um jarðgöng, t.d. við mögulegan flutning á raforku og flutning á heitu vatni til húshitunar. Jafnframt verði lagt mat á ávinning af hugsanlegri fækkun flugvalla og hafskipahafna vegna bættra samgangna.

### Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið flutt á 131. og 132. löggjafarþingi en í hvorugt skiptið tókst að ljúka afgreiðslu málsins.

Að líkindum má koma öllum þjóðleiðum á láglendisvegi með gerð innan við 20 jarðganga sem yrðu samanlagt um 100 km eða styttri og því litlu lengri í kílómetrum talið en þau göng og jarðhellar sem fylgja gerð Kárahnjúkavirkjunar. Ekki fer á milli mála að þekkingu við gerð jarðganga hefur fleygt fram hér á landi og að kostnaður fer lækkandi á hvern kílómetra í jarðgangagerð. Verkhraði er einnig meiri en áður, eins og sást við gerð jarðganganna undir Almannaskarð og milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Öllum er ljóst eftir reynsluna af Vestfjarða- og Hvalfjarðargöngum hvaða hag menn hafa af svo öruggum þjóðvegum, styttri leiðum milli staða og landsvæða, sem og tíma- og eldsneytissparnaði sem fylgir varanlegum samgöngubótum sem endast í áratugi og aldir. Gefin var út áætlun um jarðgöng í janúar árið 2000 og lagt til að hún yrði endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Þar eru talin upp 24 jarðgangaverkefni. Þegar hefur verið unnið að gerð nýrra, góðra fjallvega um Klettsháls, Bröttubrekku og Vatnaleið (í stað leiðarinnar Staðarsveit – Kolgrafarfjörður) og lokið er gerð jarðganga undir Almannaskarð og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Svokölluð Héðinsfjarðargöng eru nú komin á framkvæmdastig og láglendisvegur verður lagður yfir Mjóafjörð í Djúpi um Reykjanes. Göng undir Eyrarfjall í Djúpi verða þar af leiðandi ekki á dagskrá.

Þá standa eftir eftirfarandi leiðir þar sem gera þyrfti jarðgöng:

- Arnarfjörður – Dýrafjörður.
- Dynjandisheiði.
- Óshlíð.
- Ísafjörður – Súðavík.
- Tröllatunguheiði.
- Öxnadalshéiði.

- Vaðlaheiði.
- Vopnafjörður – Hérað.
- Seyðisfjörður – Hérað/Norðfjörður.
- Norðfjörður – Eskifjörður.
- Fáskrúðsfjörður – Stöðvarfjörður.
- Stöðvarfjörður – Breiðdalsvík.
- Skriðdalur – Berufjörður (Óxi).
- Undir Berufjörð.
- Reynisfjall í Mýrdal.
- Hellisheiði.

#### *Ný Hvalfjarðargöng.*

Á Hellisheiði er nú unnið að verulegum samgöngubótum sem væntanlega munu reynast vel. Göng úr botni Ísafjarðardjúps yfir í Fjarðarhornsdal í Kollafirði yrðu einnig mjög hagkvæm eftir að þverun Gufufjarðar, Djúpaþfjarðar og Þorskafjarðar væri lokið, enda yrði þá hægt að aka á láglendisvegi milli suðvesturhorns landsins og norðurhluta Vestfjarða. Alls yrðu þessi göng um 85–90 km. Jarðgöng til Vestmannaeyja eru ekki inni í þessari áætlun, enda fjármögnun þeirra tengd niðurfellingu á ferjusiglingum við opnun þeirra. Sú mikla umferð sem nú er orðin um Hvalfjarðargöng knýr senn á að hugað verði að nýjum göngum eða breikkun núverandi ganga, ef það telst raunhæfur kostur.

Vissulega eru þessi verkefni í jarðgangagerð misjafnlega brýn og nýjar aðstæður kalla oft fram breytta forgangsörðun. Þessi ályktun um að enn þurfi í það minnsta að gera 15 jarðgöng á landinu byggist auðvitað á reynslunni sem fengist hefur af bættu umferðaröryggi samfara jarðgöngum og þeirri vissu að hér á landi muni aftur verða snjóþungir vetur. Hinir snjóléttu vetur sem verið hafa undanfarin ár valda því sjálfsagt að margra metra há snjófönnin er mörgum úr minni fallin. En víst er að aftur koma miklir snjóavetur og þá mun enn aukast skilningur manna á jarðgöngum sem varanlegum framtíðarlausnum við vegagerð.